

85. Ársþing UMSK

85.ársþing Ungmennasambands Kjalarnesþings, var haldið 19.febrúar, 2009 kl. 18:00 í Hlégarði í Mosfellsbæ.

Þingsetning

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK setti þingið og flutti setningarávarp.

Kosning fyrsta og annars þingforseta

Formaður lagði fram tillögu um að hafa einn þingforseta í stað tveggja og tilnefndi Guðmund Pétursson. Tillaga um þingforseta samþykkt. Einnig samþykkt að hafa einn þingforseta.

Kosning fyrsta og annars þingritara

Þingforseti tók til starfa og bar fram tillögu um einn þingritara í stað tveggja og tilnefndi Örnur Harðardóttir. Tillaga um þingritara og fjölda þingritara samþykkt.

Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Þingforseti bar upp tillögu um þriggja manna kjörbréfanefnd þau Þórð Guðmundsson, Hauk Hafsteinsson og Kristínu Finnbogadóttur. Tillaga um kjörbréfanefnd samþykkt.

Skýrsla stjórnar lögð fram

Þingforseti gaf formanni, Valdimar Leó Friðrikssyni orðið og flutti hann skýrslu stjórnar.

Formaður vísar í útgefna ársskýrslu og reikninga UMSK 2008. Formaður fór yfir útgefna ársskýrslu og benti meðal annars á að

- Unglingalandsmótið UMFÍ 2009 verður haldið á Sauðárkróki í stað Grundarfjarðar.
- Landsmótið UMFÍ 2009 verðir haldið á Akureyri 9.-12.júlí og er eru þá liðin 100 ár frá því að fyrsta Landsmót UMFÍ var haldið á Akureyri.
- Tjald UMSK er ónýtt. Tjaldið fékkst greitt úr tryggingum. Ekki verður fjárfest í öðru tjaldi.
- Leikjanámskeið UMSK hafi tekist vel.
- Meistaramót UMSK í sundi hafi verið endurvakið á síðast liðnu ári.
- Skólahlaup UMSK fór fram á Kópavogsvelli s.l. haust.
- Allur hagnaður af rekstri getrauna renni til íþróttafélaga og héraðssambanda og í ársskýrslu er hægt að sjá hvernig skiptingin er milli félaga.
- Í ársskýrslunni eru fréttapunktur frá UMFÍ og ÍSÍ fyrir árið 2008.
- Í ársskýrslunni eru upplýsingar um Lottóið.

- Listi yfir heiðursviðurkenningar og héraðsmet í frjálsum.

Formaður tekur sérstaklega fram að um 80% af tekjum sambandsins fara aftur út til félagana.

Endurskoðaðir reikningar sambandsins lagðir fram fyrir árið 2008

Gjaldkeri, Albert H.N. Valdimarsson, fer yfir reikninga sambandsins.

Ávörp gesta

Hafsteinn Pálsson, frá ÍSí: Þakkar gott samstarf ÍSí og UMSK. Minnir á ÍSí þing sem er framundan og vonast til að sjá fulltrúa frá UMSK á þinginu. Óskar þeim sem hafa skilað titlum í hús til hamingju.

Björg Jakobsdóttir frá UMFÍ: Flytur kveðjur frá formanni og stjórn UMFÍ. Þakkar fyrir góða skýrslu.

Björg veitir Sigmundi Hermundssyni starfsmerki UMFÍ.

Karl Gunnarsson, forseti bæjarstjórnar: Býður þingfulltrúa velkomna til Mosfellsbæjar. Fer fyrir íþróttastarf og uppbyggingu íþróttafélaga í bæjarfélaginu.

Álit kjörbréfanefndar

Þórður Guðmundsson, formaður kjörbréfanefndar, sagði nefndina vera búna að fara yfir öll kjörbréfin. Kjörbréf bárust frá 10 aðildarfélögum af 32. Formaður kjörbréfanefndar lagði til að þau yrði öll samþykkt. Fundurinn samþykkir.

Staðfesting á aðild nýrra félaga

Valdimar Leó Friðriksson, formaður, segir frá því að fjögur félög sóttu um aðild. Þrjú félög uppfylltu skilyrði fyrir aðild að UMSK. Þau eru:

- Hestamannafélagið Adam, í Kjós.
- Félagið Kraftur í Mosfellsbæ
- Knattspyrnufélag Garðabæjar.

Félögin þarf að staðfesta á þinginu. Þingið staðfestir öll félögin. Þingforsetin býður þau velkomin í sambandið.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir (Beggó) spyr út í reikninga sambandsins, annan kostnað sem fór úr 121.542 kr. í 1,266.887 kr. Framkvæmdastjóri UMSK, Valdimar Gunnarsson, segir að sambandið hafi keypt 50 bækur, Vormenn 100 ára saga UMFÍ og gefið félögunum. Beggó lýsir ánægju sinni með þetta framtak og vonast til að UMFÍ muni kaupa 50 bækur af afmælisriti Aftureldingar sem kemur út í vor.

Ómar Geir Þorgeirson, gjaldgeri aðalstjórnar HK, spyr út í reikninga sambandsins. Á hvaða forsendum voru framlög og styrkir veittir? Framkvæmdastjóri UMSK, Valdimar Gunnarsson, svarar því að Umhyggja

hafi fengið styrk síðustu ár og ákveðið var að halda því áfram. Afturelding fékk styrk til skráningar sögu félagsins vegna 100 ára afmæli félagsins. Að lokum fékk Glóðin fékk styrk fyrir íþróttir aldraða.

Atkvæðagreiðsla um skýrslu og reikninga

Skýrsla stjórnar samþykkt.

Reikningar stjórnar samþykktir.

Heiðursviðurkenningar

Dansbikar UMSK

Fannar Örvarsson og Hjördís Hjörleifsdóttir Hvönn.

Fimleikabikar UMSK

Ásdís Guðmundsdóttir, Gerpla

Frjálsíþróttabikar UMSK

Kári Steinn Karlsson, Breiðablik

Sundbikar UMSK

Ragnar Björnsson, Breiðablik

Skíðabikar UMSK

Hildur Sigrún Guðbrandsdóttir, Breiðablik

Afreksbikar UMSK

Vignir Hlöðversson, Stjarnan

UMFÍ – bikarinn

Meistaraflokkur kvenna Stjarnan

Fundarhlé. Matur í boði bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og UMSK.

Viðurkenningar til sjálfboðaliða

Starfsmerki UMSK

Eva Magnúsdóttir, Afturelding

Anna Margrét Arnardóttir, Afturelding

Valdimar Kristinsson, Herði

Guðný M Ívarsdóttir, Herði

Egill Eiðsson, Breiðablik

Hallgrímur Arnalds, Breiðablik

Hannes Strange, Breiðablik

Einar Hauksson, Breiðablik

Hanna Símonardóttir, Afturelding

Hilmar Harðarsson, Kjölur

Bjarki Már Sverrison, Afturelding

Silfurmerki UMSK

Jóhannes Sveinbjörnsson, Breiðablik

Anna H Gísladóttir, Afturelding

Árni Halldórsson, Nesklúbburinn

Kristján Georgsson, Nesklúbburinn

Sigurjón Sigurðsson, HK

Gullmerki UMSK

Hraunar Daníelsson, Breiðablik

Félagsmálaskjöldur UMSK

Hallur Birgisson, Afturelding

Sigmundur Hermundsson biður um orðið

Þakkar fyrir veitta viðurkenningu frá UMFÍ.

Skipun í nefndir

Ekki þarf að skipa í nefndir og þingforseti leggur til að þessum lið verði sleppt. Samþykkt

Fjárhagsáætlun næsta árs

Gjaldkeri sambandsins, Albert H.N. Valdimarsson, leggur fram fjárhagsáætlun næsta árs og kynnir hana.

Fjárhagsáætlun 2009

Rekstrartekjur:	
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	2.300.000
Lottó UMFÍ og ÍSÍ	29.000.000
Skattar aðildarfélaga	750.000
Getraunir	1.250.000
Tjaldleiga	300.000
Aðrar tekjur	1.000.000
Alls	34.600.000

Rekstrargjöld:	
Skrifstofa og rekstur	7.200.000
Þing og sérráð	250.000
Lottó til aðildarfélaga	23.000.000
Afreksmannasjóður	2.100.000
Gjafir og viðurkenningar	100.000
Kostn. v/ héraðsmóta	100.000
Unglingalandsmót	450.000
Skólahlaup	100.000
Kostnaður v/landsmóts	1.800.000
Annar kostnaður	100.000
Alls	35.200.000

Fjármagnstekjur 600.000

Rekstrarafgangur 0

Engar umræður. Þingið samþykkti fjárhagsáætlunina.

Laga- og reglugerðarbreytingar

Engar breytingar.

Aðrar tillögur

Ester Jónsdóttir fylgir tillögum úr hlaði

Þingskjal nr. 2

85. Ársþing UMSK... hvetur félagsmenn til almennrar þátttöku í 12. Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið verður á Grundarfirði um verslunarmannahelgina.

Engar umræður. Samþykkt af þingsfulltrúum.

Þingskjal nr. 3

85. Ársþing UMSK... hvetur félagsmenn til almennrar þátttöku á 26. Landsmóti UMFÍ sem haldið verður á Akureyri 9. -12. júlí 2009.

Engar umræður. Samþykkt af þingsfulltrúum.

Þingskjal nr. 4

85. Ársþing UMSK... skorar á bæjar-og sveitastjórnir að hlúa að barna-og unglingastarfi sem aldrei hefur verið mikilvægara en nú á þessum erfiðu tímum.

Engar umræður. Samþykkt af þingsfulltrúum.

Þingskjal nr. 5

85. Ársþing UMSK... skorar á bæjar- og sveitastjórnir að hafa samráð og samstarf við fulltrúa íþróttaiðkenda við hönnun og skipulagningu íþróttamannvirkja. Sérstök áhersla er lögð á mikilvægi góðrar félagsaðstöðu.

Engar umræður. Samþykkt af þingsfulltrúum.

Þingskjal nr. 6

85. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að nýta sér í enn frekara mæli Íslenskar Getraunir til fjáröflunar.

Engar umræður. Samþykkt af þingsfulltrúum.

Þingskjal nr. 7

85. Ársþing UMSK... leggur til að skipuð verði nefnd með fulltrúum aðildarfélaga sambandsins sem hefði það hlutverk að koma með tillögur um framtíðar stefnu og skipulag UMSK.

Engar umræður. Samþykkt af þingsfulltrúum.

Þingskjal nr. 8

85. Ársþing UMSK ... samþykkir breytingu á reglum um úthlutun úr Afrekssjóði UMSK sem hljóðar eftirfarandi með breytingum:

Afreksmannasjóður UMSK er myndaður af akveðnum hluta þeirra tekna sem fegnar eru frá Lottói. Stjórn UMSK úthlutar styrkjum samkvæmt umsóknum sem berast og eru styrkhæf verkefni þátttaka í Norðurlandamótum, Evrópumótum og Heimsmeistaramótum.

Önnur verkefni og sérstök afrek eru sérstaklega metin hverju sinni.

Með sérstökum afrekum er átt við að íþróttamaður í í hópíþrótt hafi verið valinn í úrvalshóp, til þátttöku í lokakeppni Olympíu- Evrópu- eða heimsmeistaramóts.

Íþróttamenn í einstaklingsgreinum hafi náð þeim lágmarkum sem viðkomandi sérsamband setur fyrir þessi sömu mót..

Þingsfulltrúi biður um skýringar á breytingum. Breytingin skýrðar. Samþykkt af þingsfulltrúum.

Þingskjal nr. 9

85. Ársþing UMSK ... beinir því til stjórnar að leita leiða til þess að efla fjárhagsstyrk afrekssjóðsins

Engar umræður. Samþykkt af þingsfulltrúum.

Nefndarstörf

Engar nefndir starfandi.

Afgreiðsla á álitum nefnda

Engar nefndir starfandi.

Önnur mál

- Framkvæmdastjóri UMSK, Valdimar Gunnarsson, tekur til máls. Hvetur félögin til að nota skrifstofu UMSK betur. Hlutverk skrifstofunnar er að miðla og deila upplýsingum til félagana.
 - Segir frá Sportklúbb Aftureldingar sem er klúbbur fyrir unglunga sem ekki eru þegar í íþróttum. Um tilraunaverkefni er að ræða til að svara kalli unglunga.
 - Valdimar nefnir annað verkefni, ritun siðareglna HK, sem segja til um hvers konar andi á að vera í félaginu. HK ætlar að skylda alla þjálfara hjá sér til að sækja námskeiðið, verndari barna. Starfsmaður Blátt áfram segir að það sé þó nokkuð um það að unglingar hringi inn og segi frá óviðeigandi framkomu þjálfara.
 - Nefnir einnig hugsanleg áhrif fyrirsjáanlegt atvinnuleysi á Íslandi. Haft hefur verið samband við skrifstofu UMSK um það hvort sambandið er tilbúið að koma að þjálfun þessa hóps.
 - Framkomuþjálfun skiptir miklu máli í íþróttum og mikilvægt að hafa það sem hluta af þjálfun.

Skrifstofan alltaf opin og heitt á könnunni.

- Guðmundur Einarsson þingforseti minnir þingið á að 100 afmæli Aftureldingar. Segir frá því að félaginu hafa hlotnast nokkrar gjafir eftir heimsókn Hlyns Guðmundsonar, frjálsíþróttapjálfa Aftureldingar til hjónanna Skúla og Þuríðar að Röðli.

- Arnþór Sigurðsson frá Breiðabliki. Veltir fyrir sér hlutverki UMSK. Áður fyrr var þingið í tvo daga og er núna nokkrar klukkustundir. Þykir leitt að hve mikil deyfð er yfir sambandinu. Vill að fundarmenn taki þetta með sér sem veganesti og vonast til að þegar hann komi á næsta þing þá verði það líflegra.

Kosning, kjörnefnd skilar álit

Sigurjón Sigurðsson, formaður HK segir frá störfum kjörnefndar.

1. **Kosning formanna.** Í kjöri er Valdimar Leó Friðriksson. Kosinn.
2. **Kosning tveggja stjórnarmanna.** Í kjöri eru Ester Jónsdóttir, Breiðablik og Albert H.N. Valdimarsson. Kosin.
3. **Kosning þriggja manna í varastjórn.** Í kjöri Svanur M Gestsson, Afturelding, Vilborg Guðmundsdóttir, HK, Alda Kolbrún Helgadóttir, Breiðablik. Kosin.
4. **Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.** Kristján Sveinbjörnsson, UMF Álftanes og Hafsteinn Pálsson, Afturelding. Til vara Logi Kristjánsson. Kosin.
5. **Kosning til Íþróttapings skv. lögum.** Ekki tekið fyrir.

Valdimar Leó Friðriksson, formaður, tekur til máls. Þakkar kosningu sína sem formaður. Valdimar svarar gagnrýni um stutt UMSK þing, sem virðist vera ákveðin þróun. Hann segir einnig frá því að Afturelding er elsta starfandi ungmennafélag á Íslandi, 100 ára, og því er þingið haldið í Mosfellsbæ. Hann veltir fyrir sér framtíð ungmennafélaga og samstarf við sveitafélög. Minnir á Landsmót og getraunir. Þakkar þingforseta, þingritara og þingfulltrúa fyrir komuna og slítur þingi.

Þingslit